

From: Hjalti Þór Vignisson [hjaltivi@hornafjordur.is]
Sent: 20. febrúar 2012 09:47
To: Nefndasvið umsagnir
Subject: Umsögn bæjarráðs Hornafjarðar um tillögu til þingsályktunar um samgönguáætlun 2011-2022, 393. mál

Heil og sæl.

Bæjarráð Hornafjarðar leggur áherslu á að eftirfarandi verkefni verði í forgangi í tillögu til þingsályktunar um samgönguáætlun 2011-2022, 393. mál:

- **Nýr vegur um Hornafjarðarfljót.** Allur undirbúningur liggur fyrir og Vegagerð og Sveitarfélagið Hornafjörður eru sammála um hvar vegstæðið eigi að liggja. Vegurinn stytir hringveginn umtalsvert, bætir samgöngur innan héraðsins og eykur umferðaröryggi til mikilla muna. Með veginum verða þrjár einbreiðar brýr aflagðar sem sumar eru komnar vel til ára sinna og má sérstaklega nefna brúna yfir Hornafjarðarfljót þar sem öryggi vegfaranda er ekki boðlegt.
- **Áframhaldandi rannsóknir og framkvæmdir á Grynslunum við Hornafjarðarós.** Grynslin fyrir utan Hornafjarðarós eru takmarkandi þáttur í þróun útgerðar á Hornafirði. Sjálfur Ósinn er vel djúpur en fyrir utan er sandrif þar sem djúpristari skip eiga erfitt með að komast yfir. Hafa uppsjávarveiðiskip margsinnis tekið þar niðri er þau koma inn til löndunar sem og minni togskip sem gerð eru út frá Hornafirði. Bætt innsigling er því líka öryggismál fyrir sjófarendur. Sveitarfélagið hefur verið í samstarfi við Siglingastofnun og VERKÍS um mælingar sjávarstrauma og ölduafis. Náttúran er margslunginn og áfram verður að halda með rannsókni. Þær eru kostnaðarsamar og þarf að leggja fjármuni til þeirra á samgönguáætlun.
- **Veggöng undir Lónsheiði** verða mikið framfaraskref fyrir alla íbúa á Austurlandi. Hvalnes- og Þvottáskriður eru einn helsti farartálmi um Hringveg á Austurlandi. Þær lokast reglulega vegna skriðufalla auk þess sem grjót hrynur daglega úr fjallinu. Göng undir Lónsheiði styrkja því samgöngur á milli Hafnar og byggðakjarna á Austurlandi umtalsvert.

Kær kveðja,

Kveðjur,
Hjalti Þór Vignisson

Bæjarstjóri Hornafjarðar
Hafnarbraut 27
780 Höfn
470 8000 / 822 7950
<http://www.hjaltithor.blog.is/>

Vinsamlega athugið að þessi tölvupóstur, ásamt viðhengi, gæti innihaldið upplýsingar sem eru trúnaðarmál og eru eingöngu ætlaður þeim sem hann er stílaður á. Efni hans og innihald er á ábyrgð þess starfsmanns sem sendir hann ef það tengist ekki starfsemi Sveitarfélagsins Hornafjarðar. Ef sending þessi hefur ranglega borist yður vinsamlega gætið fyllsta trúnaðar, tilkynnið sendanda og eyðileggið sendinguna eins og skylt er skv. 44. gr. laga nr. 107/1999, um fjarskipti.